

2016

Þjóðarspegilinn

Ráðstefna í félagsvísindum XVII

Íslenskir feður – bestir í heimi?

Ársæll Arnarsson og Hermína Gunnþórsdóttir

Félags- og mannvísindadeild

Ritstjórar: Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Hejstra

Rannsóknir í félagsvísindum XVII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2016

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-21-1

ISSN 1670-8725



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Íslenskir feður – bestir í heimi?

Ársæll Arnarsson og Hermína Gunnþórsdóttir

Unglingsárin eru tímabil sem einkennist af margs konar nýjum sálfræðilegum og félagslegum áskorunum. Að sjálfsögðu gegna foreldrar lykilhlutverki í að styðja afkvæmi sín í þessari glímu. Það flækir hins vegar nokkuð rannsóknir á þessu tímabili, og áhrifum foreldra á það, að meginbreytingin í lífi unglingsins felst í sókn í meiri sjálfstæði. Foreldrar hafa því eðlilega minni aðkomu og áhrif. Þessu aukna sjálfræði unglingsins geta oft fylgt annars konar breytingar á sambandi foreldris og barns, svo sem minni nánd og tengsl. Hitt er ljóst að góð samskipti við foreldra á þessu tímabili hefur mikil áhrif á fjölda andlegra, líkamlegra og félagslegra þátta í lífi unglingsins (Bulanda og Majumdar, 2009).

Sálfræðingurinn, sálkönnuðurinn og geðlæknirinn John Bowlby (1977) setti fram grundvallarkenningar um eðli heilbrigðra tengsla milli foreldra og afkvæma, auk þess að gera grein fyrir því hvernig truflun á slíkum tengslum gæti orsakað sálræna erfiðleika. Samkvæmt kenningunni er um að ræða tengsl sem hafa áhrif á afkvæmið ævina á enda og ráða miklu um hvernig önnur náin sambönd þróast Rannsóknir á þessum tengslum sem síðan hafa verið gerðar hafa sýnt að erfiðleikar þeim tengdum tengjast kvíðaröskunum (Warren o.fl., 1997), ýgi (Pinzi o.fl., 2001), brottfalli úr skóla (Marcus og Sanders-Reio, 2001), þunglyndi (Graham og Easterbrooks, 2000) og sjálfsvígum (Adams, Sheldon-Keller og West, 1996). Góð tengsl milli barna og foreldra virðast hins vegar hafa verndandi áhrif og bæta tilfinningalega líðan (Carlson og Sroufe, 1995), félagslega hæfni (Bohlin, Hagekull og Rydell, 2000), sjálfstraust (Suess, Grossman og Sroufe, 1992) og námsárangur (Jacobsen og Hoffman, 1997). Sömuleiðis sýndu Flouri og Buchanan (2003) fram á fylgni milli mikillar þátttöku foreldra í lífi unglunga og færri sjálfsvígstilrauna.

Í grein frá árinu 2005 héldu þau Williams og Kelly því fram að lítið væri vitað um mismunandi áhrif mæðra og fedra á þroska unglunga. Áður hafði Phares (1996) bent sérstaklega á að feður væru nær ósýnilegir í rannsóknum á fjölskylduvirkni. Líklega er skýringanna að leita í því að í fyrstu tengslakeningunum var einkum einblínt á áhrif aðal umönnunaradila barnsins, og yfirleitt gengið út frá því að það væri móðirin (Bowlby, 1977). Enn í dag eru fáar sambærilegar rannsóknir tiltækar, en þó hefur verið sýnt fram á með vísindalegum hætti að jákvæð tengsl milli föður og barns hafa mikil áhrif á vellíðan barnsins. Auðveld samskipti við föður tengjast góðri tilfinningalegri líðan, sjálfáliti og góðri líkamsmynd barna og unglunga, einkum og sér í lagi stúlkna (Brooks, 2016; Bulanda og Majumdar, 2009). Samskipti við föður virðast nefnilega ekki tengjast nákvæmlega sömu breytum hjá stelpum og stráku (Levin, Dallago og Currie, 2012). Erfið samskipti við föður hafa tengsl við innleitni (*internalizing*) vandamála meðal stúlkna, en séu þau góð þá virðast þau draga úr margs konar heilsutengdri áhættuhegðun (Brooks, 2016; Demidenko, Manion og Lee, 2015). Eðli samskipta drengja við föður virðast hins vegar helst spá fyrir þróun neikvæðra tilfinninga, svo sem ýgi (Gallarín og Alonso-Arbiol, 2012). Rétt er að taka það fram að ekki eru allir vísindamenn á einu máli hvað þetta varðar, því sumar rannsóknir benda til þess að jafnvel þó gott samband við feður styrki börnin þá sé enginn munur á þessu eftir því hvort um stráka eða stelpur er að ræða (Carlson, 2006).

Áhersla á velferð einstaklinga og fjölskyldna hefur í vaxandi mæli leitt til þess að rannsakendur og stefnumótandi aðilar hafa beint sjónum að hlutverki fedra í fjölskyldum nútímans. Í útgáfu Sameinuðu þjóðanna (Barker og Pawlak, 2011) um málefnið er áréttað að þó svo að enn sé víða lítið á feður sem megin fyrirvinnu

fjölskyldna og þá sem halda uppi aga og verndara, þá takist þeir í auknum mæli á hendur ný hlutverk og ábyrgð innan fjölskyldunnar, s.s. að veita umhyggju (*caregiving*), tilfinningalegan stuðning til barna sinna, og stuðla að ýmis konar tengslamyndun auk þátttöku í heimilisstörfum. Samfélög sem hafa komið á fæðingarorlofi til feðra er dæmi um stefnubreytingu í þá veru að viðurkenna að hlutverk feðra felist í umönnun barna og umhyggju, ekki síður en mæðra. Að baki liggur sú hugmynd að með því að veita feðrum tækifæri til að taka orlof taki þeir með virkari hætti þátt í umönnun barna sinna og deili ábyrgð með mæðrum. Rannsóknir í Svíþjóð og Noregi hafa sýnt jákvætt samband milli feðra sem taka fæðingarorlof og þátttöku í umönnun barna (Hass og Hwang, 2008; Brandth og Kvande, 2003). Sömu rannsóknir sýndu jafnframt að feður sem tóku leyfi skömmu eftir fæðingu barnanna voru líklegri til að halda áfram þátttöku í umönnun barna sinna að loknu leyfi

Tilgangur þessarar rannsóknar var að bera saman gæði samskipta íslenskra feðra og barna þeirra við hliðstæð samskipta annars staðar í Evrópu og Norður-Ameríku.

Efniviður og aðferðir

HBSC (Health and behaviour in school-aged children) er fjölþjóðleg rannsókn þar sem 11, 13 og 15 ára börn eru spurð um ýmsa þætti varðandi heilsu, líðan og félagslegar aðstæður. Fyrsta fyrirlögnin fór fram veturinn 1983-1984 og tóku þá fimm lönd þátt. Spurningalisti hefur síðan verið lagður fyrir fjórða hvert ár, og nú eru 44 lönd í Evrópu og Norður-Ameríku með í verkefninu. Form rannsóknarinnar er könnun sem samanstendur af 112 atriðum og er lögð fyrir í pappírformi í skólastofum (Torsheim, Currie, Augustson og Samdal, 2016). Ísland hefur tekið þátt frá 2006 og hefur Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri séð um fyrirlögnina.

Gögnum var safnað með staðlaðri aðferð frá öllum þátttökulöndum með því að senda spurningalista til skóla. Hvert land notaði slembiúrtak til að velja nemendur í fyrrnefndum aldurshópum til þátttöku, og var reynt eftir fremsta megni að tryggja það að úrtakið væri lýsandi fyrir þýði hópanna í hverju landi. Miðað var við að þýðið innihéldi að minnsta kosti 95% barna í þessum tilteknu aldurshópum, en þau sem ekki voru með voru börn sem ýmist sóttu ekki skóla af einhverjum ástæðum eða voru í sérskólum. Leitast var við að fá að minnsta kosti 1.500 nemendur í úrtak frá hverjum aldurshóp í hverju landi, en í níu löndum náðist minna en 90% af þeim fjölda. Í síðustu fyrirlögn, sem fór fram veturinn 2013-2014, náði fjöldi svarenda um 220 þúsundum. Gagnasöfnun fór að mestu fram á tímabilinu frá septembermánuði 2013 fram í júní 2014. Svarhlutfall í flestum löndum var meira en 60%. Meðalaldur svarenda var 11,6 ár, 13,5 ár og 15,5 ár (Torsheim o.fl., 2016).

Á Íslandi, skólaárið 2013-2014, voru allir 12.678 nemendur í 6., 8. og 10. bekk í úrtakinu og fengust svör frá 10.651, sem þýðir að svarhlutfallið var 84,0% af þýðinu en ekki úrtakinu. Hér á landi var því um þýðisrannsókn að ræða. Áður en gagnasöfnun hófst var spurningalistinn ásamt lýsingu á aðferðum sendur til Persónuverndar til samþykktar. Að því fengnu var öllum skólastjórum á Íslandi sem höfðu nemendur í einhverri af þessum þremur bekkjardeildum sendar sömu upplýsingar ásamt ósk um að þeir tækju þátt. Aðeins einn skóli hafnaði þátttöku. Síðan var öllum foreldrum og forráðamönnum sent kynningarbréf og þeim gefið tækifæri til að hafna þátttöku barnsins. Eitt foreldri valdi að nýta sér þann rétt.

Notast var við staðlaða aðferð við söfnun gagna í skólum þar sem spurningalistum var dreift í ómerkту umslagi meðal nemenda sem mættir voru í kennslustund á fyrirlagnardaginn. Borð nemenda voru færð í sundur til þess að tryggja að ekki sæist á svör einstaklinga, og hver og einn skilaði svo ómerktum spurningalista í umslagið, og það var límt aftur. Á forsíðu listans var stutt lýsing á rannsókninni ásamt skýrum skilaboðum þess efnis að jafnvel þó foreldrar þeirra og skólafyrirvöld hefðu gefið leyfi,


Þá væri nemendum sjálfum algjörlega frjálst að neita þátttöku eða að sleppa því að svara ákveðnum spurningum.

Í þessari grein verður fjallað um niðurstöður spurninga er varða samskipti við foreldra sem voru metin með því að biðja nemendurna um að meta hversu auðvelt þeir ættu með að tala við föður sinn eða móður sína um það sem ylli þeim áhyggjum. Svarmöguleikarnir voru fimm: 1) Mjög auðvelt, 2) Auðvelt, 3) Erfitt, 4) Mjög erfitt, 5) Á ekki eða hitti ekki viðkomandi. Við úrvinnslu gagnanna var breytan flokkuð í tvennt: Annars vegar þá nemendur sem sögðust eiga auðvelt eða mjög auðvelt með slík samskipti og svo hina.

Þegar nemendur höfðu lokið við að svara listunum var þeim safnað saman og settir í lokaðan kassa. Nemendum var því ljóst að um nafnlausu könnun væri að ræða sem ekki gæti verið rakin til þeirra.

Niðurstöður


Í öllum löndunum kom fram að strákar ættu auðveldari samskipti við feður sína en stúlkur, og sömuleiðis mátu yngri börnin samskiptin jákvæðari en þau eldri. Á mynd 1 sjást niðurstöður 11 ára barna í nokkrum af þeim 44 löndum sem tóku þátt, auk þess sem meðaltal allra þátttökulanda fyrir þennan aldurshóp er þar að finna. Alls sögðust 87% 11 ára stúlkna á Íslandi eiga í auðveldum eða mjög auðveldum samskiptum við föður, en 92% drengja voru sömu skoðunar. Meðaltalið fyrir öll löndin var 83% fyrir stráka og 73% fyrir stelpur. Af öllum samanburðarlöndunum 43 komu Svíar næstir Íslendingum en hjá þeim svöruðu 83% stráka og 90% stúlkna með þessum hætti.



Mynd 1. Hlutfall 11 ára barna sem á í auðveldum eða mjög auðveldum samskiptum við föður


Mynd 2 sýnir samanburð milli nokkurra landa á hlutfalli 13 ára barna sem segist eiga auðveld eða mjög auðveld samskipti við föður. Ánægja þessa aldurshóps með þessi tengsl hafa minnkað talsvert miðað við 11 ára hópinn einkum hjá stúlkum. Ef lítið er til meðaltals allra þátttökulanda sést að 11 prósentustigum færri 13 ára stelpur en 11 ára

segjast eiga auðveld eða mjög auðveld samskipti. Minnkunin er ekki eins afgerandi hjá strákum séu þessir aldurshópar bornir saman eða 4 prósentustig. Ísland trónir efst allra, en í þetta sinn voru það börn frá Úkraínu sem sýndu næstánægðustu afstöðuna. Af stúlkunum í þessum aldurshópi voru 76% sem sögðust eiga í auðveldum eða mjög auðveldum samskiptum við föður en það sama sögðu 88% drengja. Meðaltalið fyrir öll þátttökulöndin var 60% fyrir stúlkur en 78% fyrir drengi. Á milli þessara aldurshópa hafði þannig bæði ánægjan minnkað og kynjamunurinn aukist stúlkunum í óhag.



Mynd 2. Hlutfall 13 ára barna sem á í auðveldum eða mjög auðveldum samskiptum við föður

Á mynd 3 má sjá samanburð milli nokkurra landa á hlutfalli 15 ára barna sem segist eiga auðveld eða mjög auðveld samskipti við föður. Enn lækkar þetta hlutfall heilt yfir en nú er ekki að sjá mun milli kynja í prósentustigum. Íslenskir 15 ára unglingar hafa enn jákvæðustu sýnina á þessi samskipti – 83% stráka og 71% stelpna, en af hinum 43 löndunum eru það Ungverjar sem nú skipa annað sæti.



Mynd 3. Hlutfall 15 ára barna sem á í auðveldum eða mjög auðveldum samskiptum við föður

Það er athyglivert að Íslendingar skulu koma best út úr mælingum hjá öllum hópum, en ekki síður að sömu tvö löndin skulu alltaf reka lestina. Hjá öllum aldurshópum og báðum kynjum voru það Frakkar og Belgar sem verma botnsætin af þeim 44 sem í boði voru.

Ályktanir

Mælingar á stuðningi foreldra hafa sýnt fylgni við ýmsa þætti tengda andlegri vellíðan unglinga (Parker og Benson, 2004). Papini og Roggman (1992) bentu til að mynda á að gagnkvæmt traust og góð samskipti gætu mildað þá streitu sem fylgdu unglingsárunum. Á sama hátt hafa rannsóknir sýnt að lakari samskipti við foreldra geta tengst neikvæðum afleiðingum fyrir börnin (Bulanda og Majumdar, 2009).

Í þessari rannsókn kom fram að íslensk ungmenni af báðum kynjum og í öllum þremur aldurshópunum mátu samskipti sín við feður jákvæðari en börn frá öllum 43 samanburðarlöndunum. Niðurstöðurnar sýna að flest íslensk börn og ungmenni upplifa það að feður þeirra séu til staðar og hægt sé að ná til þeirra með auðveldum hætti. Kyn og aldur hafa mikil áhrif á þessa skynjun. Eins og í hinum löndunum telja yngri börnin sig eiga jákvæðari samskipti við feður sína en þau eldri, og einnig eru strákar jákvæðari en stelpurnar.

Íslensku þátttakendurnir eru fyrstu árgangarnir sem nutu góðs af breytingu á foreldraorlofi sem fól í sér aukinn rétt fedra til orlofs og því nærtækt að tengja þessar niðurstöður við þær breytingar. Niðurstöður rannsókna, til dæmis frá Norðurlöndunum (Brandth og Kvande, 2003; Haas og Hwang, 2008), sýna einmitt að feður sem taka fæðingarorlof eru líklegir til þess að sinna umönnun barna sinna og deila ábyrgð á

uppeldinu með mæðrum. Sambærilegar niðurstöður er einnig að finna frá Bandaríkjunum (Barker og Pawlak, 2011). Þó hér hafi verið einblínt á samskipti við feður og þeir íslensku komi vel út í alþjóðlegum samanburði, er mjög mikilvægt að halda því til haga að í gögnum sem við höfum safnað kemur skýrt fram að íslenskar mæður séu í marktækt betri tengslum við börn sín en feður. Þetta er í samræmi við niðurstöður annarra (Pleck og Masciadrelli, 2004) sem benda til að feður taki minni þátt í uppeldi unglunga heldur en mæður og að unglingarnir upplifi sterkari tengingu við þær. Þessar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að þeir feður sem ekki eru á heimili barnsins séu í sérlega lökum tengslum við börn sín. Það þarf því ekki að koma á óvart að unglingar sem búa ekki undir sama þaki og feður þeirra greini frá því að þeir upplifi litla tengingu (William og Kelly, 2005). Slík staða ætti að koma sterkt fram í þjóðfélögum eins og Íslandi þar sem skilnaðartíðni er há (Hagstofan, 2016), en vegna þess hversu mikil áhersla hefur verið lögð undanfarin ár á að tryggja með lagasetningum jafnan rétt foreldra til umgengni við börn sín eftir skilnað (Barnalög, nr. 61/2012), þá er alls ekki að sjá á niðurstöðum þessarar ransóknar að hin háa skilnaðartíðni hafi slæm áhrif á samskipti fedra og barna. Þá ber þess einnig að geta að mjög margir íslenskir foreldrar velja jafnskipta búsetu barna eftir skilnað sem hefur mjög jákvæð áhrif á samskipti þeirra við feður (Þóroddur Bjarnason og Ársæll Arnarsson, 2011).

Gæði samskipta við foreldra getur haft mikil áhrif á þróun félagslegra gilda, auk þess að veita ungu fólki styrk til að fást við krefjandi aðstæður, og getur hjálpað þeim til að sneiða hjá ýmsum neikvæðum þáttum sem tengjast áhættu hegðun eins og reykingum, vímuefnanotkun og ofbeldi. Opín samskipti innan fjölskyldna tengist einnig minni líkum á áhættusamri kynhegðun á unglingsaldri. Í þeim tilfellum þar sem þessi samskipti eru lakari koma hins vegar oft fram alvarlegar afleiðingar tengdar heilsu og vellíðan (Brooks, 2016; Duncan, Garcia, Frankowski, Carey, Kallock, Dixon og Shaw, 2007; Whitaker og Miller, 2000).

Gríðarleg breyting hefur orðið á hugmyndinni um fjölskylduna á síðustu áratugum, og hafa feður tekið að sér fleiri og margvíslegri hlutverk, en þau eru jafnframt ekki skilgreind með jafn skýrum hætti og áður. Áður fyrr var hlutverk föðurs að stærstum hluta fjárhagslegt, þ.e. sem fyrirvinna. Í dag taka þeir oftast þátt í beinni umönnun og leik, auk þess að styðja við móðurina með tilfinningalegum og hagnýtum hætti (Carlson, 2006). Feður eru ekki undir sama menningarlega þrýstingi og mæður varðandi hlutverk sitt, og því er meiri breytileiki í því hvernig þeir rækja það (Williams og Kelly, 2005). Þetta kallar á það að rannsakendur skoði sérstaklega áhrif kyns uppalanda og ekki síður hvernig samband foreldra hefur áhrif á frammistöðu þeirra.

Heimildaskrá

- Adams, K. S., Sheldon-Keller, A. E. og West, M. (1996). Attachment organization and history of suicidal behavior in clinical adolescents. *Journal of Consulting and Clinical Psychology, 64*, 264-272.
- Barker, G. og Pawlak, P. (2011). *Men in families and family policy in changing world*. New York: United Nations.
- Barnalög nr. 61/2012.
- Bohlin, G., Hagekull, B. og Rydell, A. (2000). Attachment and social functioning: A longitudinal study from infancy to middle childhood. *Social Development, 9*, 24-39.
- Bowlby, J. (1977). The making and breaking of affectional bonds. *British Journal of Psychiatry 130*, 201-210
- Brandth, B. og E. Kvande. (2003). Father presence in childcare. Í A. M. Jensen og L. McKee (ritstjórar), *Children and the Changing Family* (bls. 61-75). London: Routledge Falmer.
- Brooks, F. (2016). Social context. Í J. Inchley, D. Currie, T. Young, O. Samdal, T. Torsheim, L. Augustson, F. Mathison, A. Aleman-Diaz, M. Molcho, M. Weber, V. Barnekow (ritstjórar), *Growing up unequal: gender and socioeconomic differences in young people's health and well-being* (bls. 21-68). Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.
- Bulanda, R. E. og Majumdar, D. (2009). Perceived parent-child relations and adolescent self-esteem. *Journal of Child & Family Studies, 18*(2), 203-12.
- Carlson, M. J. (2006). Family structure, father involvement, and adolescent behavioral outcomes. *Journal of Marriage and the Family, 68*, 137-154.
- Carlson, E. A. og Sroufe, A. (1995). Contributions of attachment theory to developmental psychopathology. Í D. E. Cicchetti og D. J. Cohen (ritstjórar), *Developmental psychopathology: Vol. 1 Theory and methods* (bls. 581-617). New York: John Wiley.
- Demidenko, N., Manion, I. og Lee, C. M. (2015). Father-daughter attachment and communication in depressed and nondepressed adolescent girls. *Journal of Child & Family Studies, 24*, 1727-34.
- Duncan, P., Garcia, A., Frankowski, B., Carey, P., Kallock, E., Dixon, R., Shaw, J.S. (2007). Inspiring healthy adolescent choices: a rationale for and guide to strength promotion in primary care. *Journal of Adolescent Health, 41*, 525-35.
- Flouri, E. og Buchanan, A. (2003). The role of father involvement in children's later mental health. *Journal of Adolescence, 26*, 63-78.
- Gallarín, M. og Alonso-Arbiol, I. (2012). Parenting practices, parental attachment and aggressiveness in adolescence: A predictive model. *Journal of Adolescence, 35*(6), 1601-10.
- Graham, C. A. og Easterbrooks, M. A. (2000). School-aged children's vulnerability to depressive symptomatology: The role of attachment security, maternal depressive symptomatology, and economic risk. *Development and Psychopathology, 12*, 201-213.
- Haas, L. og C.P. Hwang. (2008). The impact of taking parental leave on fathers' participation in childcare and relationships with children: Lessons from Sweden. *Community, Work and Family, 11*(1), 85-104.
- Hagstofa Íslands (2016). Giftingar og skilnaðir. Sótt 5. september 2016 af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/fjolskyldan/skilnadir/>.

- Jacobsen, T. og Hoffmann, V. (1997). Children's attachment representations: Longitudinal relations to school behavior and academic competency in middle childhood and adolescence. *Developmental Psychology*, 33, 703-710.
- Levin, K. A., Dallago, L. og Currie, C. (2012). The association between adolescent life satisfaction, family structure, family affluence and gender differences in parent-child communication. *Social Indicators Research*, 106(2), 287-305.
- Marcus, R. F. og Sanders-Reio, J. (2001). The influence of attachment on school completion. *School Psychology Quarterly*, 16, 427-444.
- Papini, D. og Roggman, L. (1992). Adolescent perceived attachment to parents in relation to competence, depression, and anxiety. *The Journal of Early Adolescence*, 12, 420-440.
- Parker, J. og Benson, M. (2004). Parent-adolescent relations and adolescent functioning: Self-esteem, substance abuse, and delinquency. *Adolescence*, 39, 519-530.
- Phares, V. (1996). Conducting nonsexist research, prevention, and treatment with fathers and mothers: A call for a change. *Psychology of Women Quarterly*, 20, 55-77.
- Pinzi, R., Ram, A., Har-Even, D., Shnit, D. og Weizman, A. (2001). Attachment styles and aggression in physically abused and neglected children. *Journal of Youth and Adolescence*, 30, 769-786.
- Pleck, J. H. og Masciadrelli, B. P. (2004). Paternal involvement by U.S. residential fathers: Levels, sources, and consequences. Í M. E. Lamb (ritstjóri.), *The role of the father in child development* (bls. 222-271). Hoboken, NJ: Wiley.
- Suess, G. J., Grossman, K. E. og Sroufe, L. A. (1992). Effects of infant attachment to mother and father on quality of adaptation in pre-school: From dyadic to individual organization of self. *International Journal of Behavioral Development*, 15, 43-65.
- Torsheim, T., Currie, D., Augustson, L. og Samdal, O. (2016). HBSC methodology for the 2013/2014 survey. Í J. Inchley, D. Currie, T. Young, O. Samdal, T. Torsheim, L. Augustson o.fl. (ritstjórar), *Growing up unequal: gender and socioeconomic differences in young people's health and well-being* (bls. 21-68). Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.
- Warren, S. L., Houston, L., Egeland, B. og Sroufe, L. A. (1997). Child and adolescent anxiety disorders and early attachment. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 36, 637-644.
- Whitaker, D. J. og Miller, K. S. (2000). Parent-adolescent discussions about sex and condoms: impact on peer influences of sexual risk behavior. *Journal of Adolescent Research*, 15(2), 251-73.
- Williams, S. K. og Kelly, F. D. (2005). Relationships among involvement, attachment, and behavioral problems in adolescence: Examining father's influence. *The Journal of Early Adolescence*, 25, 168-196.
- Þóroddur Bjarnason og Ársæll Arnarsson (2011). Joint physical custody and communication with parents: A cross-national study of children in 37 western countries. *Journal of Comparative Family Studies*, 42(6), 871-890.